



# Ytra mat

## Leikskólinn Bjarkatún

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar  
fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir  
© Menntamálastofnun, 2023  
ISBN 978-9979-0-2876-5

## Efnisyfirlit

Inngangur . . . . .	5
Markmið og tilgangur . . . . .	5
Gagnaöflun . . . . .	5
Samantekt niðurstaðna . . . . .	6
Skýringar á litakvarða. . . . .	10
Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða. . . . .	10
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	11
Leikskólinn . . . . .	11
Húsnæði og útileiksvæði . . . . .	11
Starfsfólk . . . . .	11
Hugmyndafræði og áherslur . . . . .	12
Stjórnun . . . . .	14
Stjórnskipulag og skipurit. . . . .	14
Námskrá og áætlanir . . . . .	14
Stjórnun og starfsfólk . . . . .	14
Fagleg forysta . . . . .	15
Starfsandi og starfsánægja . . . . .	15
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	17
Námsaðstæður . . . . .	17
Starfshættir . . . . .	17
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna . . . . .	18
Námssvið. . . . .	18
Velferð og líðan barna. . . . .	19
Mat á námi og velferð barna . . . . .	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl . . . . .	21
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun . . . . .	21
Viðhorf foreldra . . . . .	21
Samstarf við grunnskóla . . . . .	21
Annað samstarf . . . . .	22
Skóli án aðgreiningar . . . . .	23
Skólaþjónusta og sérkennsla . . . . .	23
Börn með annað móðurmál en íslensku . . . . .	23
Innra mat . . . . .	25
Skipulag og viðfangsefni . . . . .	25
Gagnaöflun og vinnubrögð . . . . .	25
Opinber birting og umbætur . . . . .	25
Heimildir. . . . .	26



## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Bjarkatúni Djúpavogi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 6.-8. mars 2023. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, samstarf forsjáraðila og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólustjóra 28. febrúar á rafrænu formi. Leikskólustjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar<sup>1</sup> hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólustjóra aðstoðarleikskólustjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við fræðslustjóra Múlaþings. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólustjóra og fræðslustjóra til yfirlestrar. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

## Samantekt niðurstaðna

Sett fram í punktum um styrkleika og tækifæri til umbóta sem koma einnig fram í lok hvers kafla. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

### **Leikskólinn og umhverfi hans**

#### Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er snyrtilegt og vel um gengið.
- Útileiksvæði er stórt og með lagfæringu býður það upp á mikla möguleika.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátt við og þekkja stefnu leikskólans.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans samkvæmt lýðheilsuáætlunum landlæknis.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Stefna leikskólans er sýnileg í starfi.
- Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni um Cittaslow hugmyndafræðina.

#### Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar og listsköpunar.
- Útbúa geymslu fyrir barnavagna.
- Bæta vinnuástöðu starfsfólks.
- Auka geymslurými.
- Útbúa skjól á útileiksvæði.
- Endurbæta jarðveg á útileiksvæði.
- Gera sérleiksvæði fyrir yngri börnin úti.
- Fjölga bílastæðum við leikskólann.
- Taka upp umræðu um einkunnarorð leikskólans, kynna og gera sýnileg.

### **Stjórnun**

#### Styrkleikar

- Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er birt á heimasíðu leikskólans.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Fundir starfsfólks eru haldnir mánaðarlega, klukkustund í senn og lokar leikskólinn kl.15:00 þann dag.
- Múlaping greiðir 12 tíma á ári á mann fyrir símenntun starfsfólks.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega við allt starfsfólk og gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Skólabragur og starfsandi er mjög góður.
- Foreldrar upplifa gott viðmót.

- Starfsfólk deilir þekkingu.
- Stöðugleiki er í hópi starfsfólks.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.

### Tækifæri til umbóta

- Sveitarfélagið setji sér menntastefnu.
- Gera skipurit fyrir leikskólann og gera sýnilegt.
- Gera skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Starfsáætlun skal vinna í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera rýmingaráætlun leikskólans sýnilegri.
- Gera áætlun um verklag við slysum sýnilegri, kynna fyrir starfsfólki og birta á heimasíðu leikskólans.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Sérkennslustjóri sem hluti af stjórnendateymi sitji deildarstjórafundi.
- Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara.
- Gera handbók fyrir starfsfólk sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar og hafa aðgengilega.
- Gera skriflega áætlun um móttöku og handleiðslu nýs starfsfólks.
- Gera símenntunaráætlun.
- Finna leiðir til að samningsbundnir undirbúningstímar starfsfólks falli ekki niður.

### ***Uppeldis- og menntastarf***

#### Styrkleikar

- Mikil áhersla er á málrækt í leikskólanum.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og mikið um sjónrænt skipulag.
- Starfsfólk á uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.

### Tækifæri til umbóta

- Bæta aðgengi barnanna á yngri deild að leikefni og hafa leikföng, bækur og annan efnivið í þeirra hæð.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfinu hvað varðar skipulag og viðfangsefni.
- Taka upp uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.
- Skoða leiðir til að börn geti metið nám sitt og sett sér markmið.
- Leita leiða til að gera tónlist og vísindi meira sýnileg í starfi leikskólans.
- Endurskipuleggja nýtingu listaskála og salar svo sameiginleg rými nýtist öllum börnum.

**Samvinna foreldra og ytri tengsl****Styrkleikar**

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Haldnir eru kynningarfundir á haustin fyrir alla foreldra og upplýsingafundir í upphafi árs á hverri deild fyrir sig.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru jákvæð og þau telja að börnunum líði vel í skólanum.
- Foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og þroska barna er tvisvar á ári.
- Formlega er staðið að skólaskilum barna milli leik- og grunnskóla.

**Tækifæri til umbóta**

- Gera þarf greinarmun á því hvenær foreldri er í hlutverki fulltrúa foreldraráðs eða foreldrafélags.
- Upplýsa þarf foreldra um hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags.
- Foreldraráð þarf að gera starfsáætlun og vinnureglur sem birtar eru á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins.
- Brýnt er að fram fari umræða um meira og formlegra samstarf milli leikskólans og Djúpavogsskóla.

**Skóli án aðgreiningar****Styrkleikar**

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar þarfir og skipað teymi í kringum þau.
- Jafnrétti og hlutdeild allra barna í barnahópnum birtist í starfinu.
- Gott aðgengi er að sérfræðingum á vegum skólaþjónustu Múlaþings.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að íslenskunámi fyrir börn af erlendum uppruna.

**Tækifæri til umbóta**

- Skrá verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og gera aðgengilega svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt væri að hafa almennar hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

**Innra mat****Styrkleikar**

- Reglulega fer fram mat á framförum barna.
- Samræðumat á sér stað á deildarfundum og fundum með öllu starfsfólki.
- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra annað hvert ár.



## Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar eiga að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvað viðmið liggi til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Innra mat þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þætti starfsins séu metnir.

## Skýringar á litakvarða

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6–4	Grænt	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
2, 6–3,5	Ljósgrænt	Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
1,6–2,5	Gult	Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
1,0–1,5	Rautt	Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

## Niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

## Leikskólinn og umhverfi hans

### Leikskólinn

Leikskólinn Bjarkatún er tveggja deilda leikskóli á Djúpavogi, staðsettur í jaðri byggðar í nálægð við ósnortna náttúru. Leikskólinn flutti í núverandi húsnæði í október 2005 sem var þá nýbyggt sem leikskóli en hafði fram að þeim tíma verið staðsettur í gömlu íbúðarhúsi frá 1986, fyrst sem sumarleikskóli í húsnæði grunnskólans frá 1982. Rekstraraðili Bjarkatúns er Múlaþing. Í leikskólanum Bjarkatúni er gert ráð fyrir 37 börnum en í dag eru þar 28 börn á aldrinum eins árs til sex ára. 14 stúlkur og 14 drengir. Sérkennsla er veitt þeim börnum sem þurfa og hluti barna er með annað móðurmál en íslensku. Á Krummadeild eru fimm börn fædd 2020 og sex börn fædd 2021. Á Kríudeild eru tíu börn fædd 2017, eitt barn fætt 2018 og sex börn fædd 2019. Matur er eldaður frá grunni í eldhúsi leikskólans samkvæmt lýðheilsuáætlunum landlæknis.

### Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði Bjarkatúns er á einni hæð. Í öðrum enda hússins er inngangur bæði af bílastæði og útileiksvæði. Þar er sameiginlegur fataklefi fyrir báðar deildir og salerni fyrir börnin til að nota í úti-veru, þvottahús og einnig lítill sameiginlegur listakrúkur þar sem hægt er að opna út á útileiksvæði. Í hinum enda hússins eru skrifstofa leikskólastjóra, kaffistofa, sérkennslustofa og vinnuherbergi starfsfólks. Fjölnota salur er í miðju hússins og báðum megin við hann eru deildarnar, hægt er að opna af deildum og inn í salinn og stækka þar með rýmin. Í dag er salurinn nýttur undir borðhald og hópavinnu eldri deildarinnar. Hvor deild er samsett af tveimur stofum og hreinlætisaðstöðu. Gangur er í gegnum húsið og eru deildirnar staðsettar garðmegin en eldhús og salerni starfsfólks götumegin við húsið. Á vettvangi sáu matsaðilar að húsið er vel um gengið, fallett og snyrtileg. Í rýnihópum deildarstjóra og annars starfsfólks kom fram að sérstaklega eldri deildin væri ekki nógu rúmgóð fyrir þann fjölda barna sem þar er. Vegna þrengsla hafa listakrúkur og salur verið tekin undir deildarstarfið og því vanti í raun aðstöðu til listsköpunar og hreyfipjálfunar barnanna. Vinnuherbergi starfsfólks er þröngt og ekki hægt að koma þar fyrir vinnu-/fundarborði. Þá mætti vera annar inngangur fyrir starfsfólk og meira geymslurými. Einnig kom fram að æskilegt sé að hafa annað salerni fyrir starfsfólk. Foreldrar sögðu í rýnihópi að brýnt væri að útbúa geymslu fyrir barnavagna.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Á vettvangi sáu matsaðilar að þröngt var um alla aðstöðu.

Í Bjarkatúni er útileiksvæðið afgirt meðfram húsinu og baka til við það og teygir sig í átt til sjávar. Útileiksvæðið er mjög stórt, flatt og opið frá hafi. Vindasamt er á þessu svæði og sáu matsaðilar á vettvangi að lítið skjól er á útileiksvæðinu. Þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi fóru yngri börnin ekki út vegna kuldagjólu og kom fram í rýnihópum kennara, annars starfsfólks og foreldra að mjög oft sé því þannig farið og það þurfi að finna leiðir til mynda skjól. Helstu leiktæki eru víðs vegar á útileiksvæðinu sem og einn lítill sandkassi en í rýnihópi starfsfólks kom fram að sandurinn fyki gjarnan úr honum. Í rýnihópum kennara, annars starfsfólks og foreldra kom einnig fram að endurvinnna þarf jarðveg á útileiksvæðinu, mikil holumyndun er á grasflötum sem fyllast af vatni og skapar það slysaættu. Fallmöl og fallvarnir eru ekki viðunandi. Þá væri æskilegt að skipta upp útileiksvæðinu og hafa sér leiksvæði fyrir yngri börnin. Einnig kom fram að skortur sé á bílastæðum við leikskólann.

### Starfsfólk

Starfsfólk leikskólans er þrettán í 10,52 stöðugildum. Fjórir stjórnendur starfa við leikskólann Bjarkatún. Leikskólastjóri, deildarstjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er deildarstjóri og sérkennslustjóri. Leikskólastjóri er með B.ED í leikskólakennarafræðum, báðir deildarstjórar eru með B.ED í leikskólakennarafræðum og annar er jafnframt með M.T. í kennslufræði. Sérkennslustjóri er með B.ED í leikskólakennarafræðum, diploma í sérkennslufræðum og M.T. í kennslufræði. Báðir deildarstjórar og sérkennslustjóri eru í fullu starfi. Leiðbeinendur án háskólamenntunar eru sjö í um fimm

stöðugildum. Ræsting fer fram á meðan leikskólinn er opinn og sá sem sinnir því er jafnframt að hluta við afleysingu á deildum. Næringarfræðingur í fullu starfi starfar í eldhúsi leikskólans. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

### Hugmyndafræði og áherslur

Að sögn leikskólastjóra Bjarkatúns og í starfsáætlun leikskólans kemur fram að þar sé starfað eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Þá er Djúpvogur eini byggðarkjarninn á Íslandi sem er aðili að alþjóðlegu Cittaslow samtökunum sem leggur áherslu á nærumhverfið, menningarverðmæti og gestrisni. Leikskólinn tekur þátt í að lifa eftir þeirri hugmyndafræði sem er í stanslausri vinnslu og endurskoðun. Í leikskólanum starfar Cittaslow teymi sem fer yfir það sem verið er að gera og endurmeta. Leikskólinn Bjarkatún og Djúpavogsskóli taka þátt í þróunarverkefni um Cittaslow hugmyndafræðina í samstarfi við þrjá skóla í Orvieto á Ítalíu og hafa fengið styrk frá Sprotasjóði og Erasmus+. Þá leggur Bjarkatún áherslu á umhverfisfræðslu, að auka umhverfismennt og menntun til sjálfbærni og hlaut leikskólinn Grænfánann í fimmta sinn haustið 2022. Í leikskólanum er unnið eftir hugmyndafræðinni *Uppeldi til ábyrgðar*. Áhersla er lögð á læsi og stærðfræði í gegnum leik, með Lubba sem finnur málbein, numicon- og einingakubbum. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu sem birt er á heimasíðu Bjarkatúns. Þá er umhverfi leikskólans mikið nýtt til vettvangsferða, náms og leikja. Í starfsáætlun Bjarkatúns 2022–2023 kemur fram að einkunnarorð leikskólans sé *samvinna, traust, virðing* en í rýnihópum deildarstjóra, starfsfólks og foreldra þekkti fólk ekki né gat nefnt einkunnarorðin. Á vettvangi sáu matsaðilar ekki einkunnarorðin í umhverfinu. Í rýniviðtölum sagðist starfsfólk og foreldrar vera ánægð með stefnu og starf leikskólans og að stefnan væri sýnileg í starfi hans. Matsaðilar sáu það á vettvangi.

## Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er snyrtilegt og vel um gengið.
- Útileiksvæði er stórt og með lagfæringu býður það upp á mikla möguleika.
- Starfsfólk og foreldrar eru sátt við og þekkja stefnu leikskólans.
- Matur er unninn frá grunni í eldhúsi leikskólans samkvæmt lýðheilsuáætlunum landlæknis.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Stefna leikskólans er sýnileg í starfi.
- Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni um Cittaslow hugmyndafræðina.

## Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Bæta aðstöðu til hreyfiþjálfunar og listsköpunar.
- Útbúa geymslu fyrir barnavagna.
- Bæta vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Auka geymslurými.
- Útbúa skjól á útileiksvæði.
- Endurbæta jarðveg á útileiksvæði.
- Gera sérleiksvæði fyrir yngri börnin úti.
- Fjölga bílastæðum við leikskólann.
- Taka upp umræðu um einkunnarorð leikskólans, kynna og gera sýnileg.

## Stjórnun

### Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Bjarkatúns er Múlaping sem samkvæmt heimasíðu Múlapingis rekur sex leikskóla í jafnmörgum íbúakjörnum. Fjölskylduráð sem í sitja sjö aðalmenn og jafnmargir til vara, fer með verkefni skólaneftnda. Þegar fræðslumál eru til umfjöllunar eiga einnig sæti í ráðinu áheyrnarfulltrúar skólastjórnenda, starfsfólks og foreldra í leik-, grunn- og tónlistarskólum. Leikskólastjóri segir leikskólastjórafundir vera hálfsmánaðarlega, ýmist staðfundir eða fjárfundir og boðar leikskólafulltrúi til þeirra og stýrir en einnig situr fræðslustjóri fundina. Einu sinni á önn hittast allir stjórnendur í Múlapingi á fundi. Fræðslustjóri er næsti yfirmaður leikskólastjóra og segist leikskólastjóri fara í starfsþróunarsamtal til hans. Í tölvupósti frá fræðslustjóra Múlapingis kom fram að staðarblær í Bjarkatúni virðist vera mjög góður og notalegt sé að koma inn í leikskólann. Mikill stöðugleiki er í hópi starfsfólks og þar er unnið faglegt starf. Leikskólastjóri sýnir faglega forystu og veitir starfsfólki jákvætt og sveigjanlegt aðhald. Hann dreifir ábyrgð og lætur fólk blómstra í starfi. Leikskólinn Bjarkatún sækir skóla- og ráðgjafarþjónustu til Skólaþjónustu Múlapingis. Múlaping hefur ekki sett sér menntastefnu en samkvæmt leikskólastjóra er stefnan í vinnslu og áætlað að hún verði tilbúin í lok árs. Skipurit fyrir leikskólann Bjarkatún liggur ekki fyrir.

### Námskrá og áætlanir

Ekki er til staðar skólanámskrá leikskólans Bjarkatúns en vinna við hana er hafin að frumkvæði leikskólastjóra. Við gerð skólanámskrár skal hafa í huga að taka mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu sveitafélagsins og endurskoða reglulega. Í skólanámskrá skal koma fram hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig er staðið að mati. Jafnframt skal koma fram á hvaða gildum starf leikskólans byggist og hvaða hugmyndafræðilegu áherslum er tekið mið af. Skólanámskrá skal unnin í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Starfsáætlun og skóladagatal fyrir 2022–2023 er aðgengilegt á heimasíðu Bjarkatúns og uppfyllir áherslur aðalnámskrár leikskóla. Í rýnivíðtölum við leikskólastjóra, kennara og annað starfsfólk kom fram að annað starfsfólk en deildarstjórar komi ekki að gerð starfsáætlunar en foreldraráð les yfir og samþykkir óformlega. Í rýnihópi foreldra könnuðust þeir ekki við að hafa komið að gerð starfsáætlunar né lesið yfir og gefið umsögn. Aðrar áætlanir sem leikskólinn hefur sett sér og birtast á heimasíðu Bjarkatúns eru: Neyðaráætlun um öryggi og heilbrigði, áfallaáætlun, viðbragðsáætlun við einelti og læsisstefna. Rýmingaráætlun er til og á heimasíðu en hún er ekki sýnileg eða aðgengileg. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum er hluti af neyðaráætlun Bjarkatúns en birtist ekki á heimasíðu leikskólans. Starfsfólk sagðist í rýnihópi ekki hafa séð eða þekkja verklagsreglur um viðbrögð við slysum en slysavarnarnámskeið sé annað hvert ár í leikskólanum.

### Stjórnun og starfsfólk

Leikskólastjóri hefur starfað í Bjarkatúni síðastliðin átta ár. Aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt er deildarstjóri hefur sinnt aðstoðarleikskólastjórastöðunni síðastliðin tvö ár en var áður staðgengill leikskólastjóra á deildarstjórallaunum. Staða aðstoðarleikskólastjóra kom með sameiningu sveitafélaga í Múlapingi. Stjórnendur telja sig vera með skýra verkaskiptingu en hún er ekki skrifleg eða sýnileg öðru starfsfólki. Stjórnendateymi leikskólans er myndað af leikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að deildarstjórar skipuleggi og leiði deildarstarfið í samráði við annað starfsfólk. Múlaping er með innra net sem allt starfsfólk fær aðgang að ásamt netfangi. Leikskólastjóri segist að mestu sjá um samskipti við starfsfólk leikskólans og sendir upplýsingar og fréttir vikulega á innra netinu. Skipulagsdagar eru sex á ári og eru samræmdir grunnskólanum. Einn skipulagsdagur er sameiginlegur með öllum leikskólum í Múlapingi og er hann haldinn í nóvember. Áætlun fyrir skipulagsdaga er sett upp fyrir árið og birtist í skóladagatali leikskólans. Að sögn kennara og annars starfsfólks eru skipulagsdagar meðal annars nýttir í fræðslu eins og slysavarnarnámskeið, barnaverndarmál, tákn með tali og þar er stefna leikskólans rædd. Fundir starfsfólks eru mánaðarlega, klukkustund í senn og lokar leikskólinn klukkan 15:00 þann dag. Fundir

eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og birtar á *Teams* og einnig í vikulegum tölvupósti til starfsfólks. Deildarstjórafundir eru vikulega, klukkustund í senn og situr leikskólastjóri þá fundi en ekki sérkennslustjóri. Deildarstjórar sögðu í rýnivíðtali að á deildarstjórafundum sé verið að ræða skipulag leikskólans og taka á málum sem upp koma. Fundargerðir eru ritaðar og geymdar í möppu á skrifstofu leikskólastjóra. Í rýnivíðtölum við deildarstjóra og sérkennslustjóra kom fram að fagfundir séu tvisvar til þrisvar sinnum á önn, þar sem fram fer umræða um stefnu leikskólans og vinna við skólanámskrá og starfsáætlun. Deildarfundir eru vikulega á hvorri deild þar sem fjallað er um sérstök mál deildarinnar, börnin og veittar upplýsingar að sögn kennara og annars starfsfólks. Fundargerðir eru ritaðar og birtar á rafrænu drifi viðkomandi deildar. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að upplýsingamiðlun mætti vera betri frá hendi deildarstjóra. Fundargerðir séu ritaðar en þær ekki gerðar nógu sýnilegar starfsfólki. Sjaldan sé tími til að setjast við tölvuna og undirbúningstímar falli oft niður.

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr.87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að óska eftir upplýsingum úr sakaskrá. Persónuupplýsingar eru geymdar í læstum skáp á skrifstofu leikskólastjóra. Að sögn stjórnenda eru ekki til skráðar leiðbeiningar um móttöku nýs starfsfólks eða handbók fyrir starfsfólk en leikskólastjóri segist taka á móti nýju fólki og síðan á deildarstjóri að taka við handleiðslu. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að bæta þurfi upplýsingar, handleiðslu og eftirfylgni í starfi fyrir nýtt starfsfólk. Leikskólastjóri segist fá allt starfsfólk í starfsþróunarsamtal einu sinni á ári. Í rýnihópum deildarstjóra og annars starfsfólks kom fram að svo væri og ánægja sé með samtölin. Starfsfólk fær undirbúningsblað og leikskólastjóri skráir hjá sér niðurstöður. Ekki hefur verið gerð símenntunaráætlun fyrir leikskólann að sögn leikskólastjóra en hann skráir símenntun starfsfólks. Leikskólastjóri segist skipuleggja ýmiskonar fræðslu á skipulagsdögum sem tengd er áherslum leikskólans og óskum starfsfólks. Múlaping greiðir sem nemur 12 tímum á ári á hvern einstakling fyrir símenntun starfsfólks. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að stjórnendur hvetji til símenntunar og það telji að nægilegt framboð sé á fræðslu bæði á skipulagsdögum og á námskeiðum sem oftast eru rafræn. Leikskólastjóri segir að allir fái samningsbundinn undirbúningstíma. Starfsfólk í Afli á eina klukkustund á viku samkvæmt samningi. Undirbúningstímar eru skipulagðir þannig að hver og einn á sinn fasta tíma í dagskipulaginu og falli þeir niður er reynt að bæta það upp. Að sögn kennara og annars starfsfólks falla undirbúningstímar stundum niður vegna mannekle, reynt sé að færa þá til en það gangi ekki alltaf.

## Fagleg forysta

Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að hann telur sig vera sanngjarnan stjórnanda sem reynir að vera lausnamiðaður og leyfa starfsfólki að blómstra. Hann segist eiga mjög góð samskipti við starfsfólkið og er fljótur að bregðast við ef eitthvað kemur upp á. Hann segist fara reglulega inn á deildir til að fylgjast með og veiti þá endurgjöf. Öll börn leikskólans þekki hann og komi oft til hans inn á skrifstofu og hafa leyfi til þess. Leikskólastjóri segir að sér líði vel í starfi og enn betur eftir sameiningu í Múlapingi en við það kom leikskólafulltrúi sem veitir honum mikinn stuðning. Hann segist fá hrós frá samstarfsfólki og foreldrum. Aðstoðarleikskólastjóri segist í viðtali reyna að vera sanngjarn stjórnandi og vera óhræddur við að grípa inn í mál sem upp koma. Foreldrar í rýnihópi sögðu að samskipti við stjórnendur væru mjög góð og aðgengi að þeim gott. Í rýnivíðtölum við kennara og annað starfsfólk kom fram að leikskólastjóri sé sýnilegur og aðgengilegur og að stjórnun leikskólans sé góð. Hann komi mikið inn á deildir, taki þátt í starfinu og veiti endurgjöf. Mikill samhljómur var í rýnihópum um að gott sé að leita til leikskólastjóra sem sýnir skilning og hlustar á starfsfólkið. Í rýnihópi sögðust börnin þekkja leikskólastjórann. Hann sé alltaf í tölvunni að skrifa póst en stundum komi hann á deildina þeirra til að borða.

## Starfsandi og starfsánægja

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að skólabragur og starfsandi sé mjög góður. Mikil virðing er í hópi starfsfólks, samheldni og tillit er tekið til mismunandi aðstæðna. Þó upplifa einhverjir að metnaður hjá starfsfólki sé mismikill en áhugi fyrir starfinu er ráðandi. Starfsfólk er duglegt að deila

Þekkingu og fari einhver á námskeið þá segir viðkomandi frá á skipulagsdegi. Starfsfólk hefur tækifæri til að hafa frumkvæði, taka ábyrgð og oftast er vel tekið í hugmyndir að nýjungum. Gleðigjafanefnd er starfandi í hópi starfsfólks sem stendur fyrir ýmsum viðburðum til að efla starfsandann svo sem saumaklúbb, jólahlaðborð, námsferðir erlendis og vorfagnaði. Starfsfólk upplifir að foreldrar meti það að verðleikum en síður samfélagið. Starfsfólk segist vera stolt af starfi sínu og að því líði yfirleitt vel í vinnunni. Leikskólastjóri segir í viðtali að hópur starfsfólks sé samhentur enda sami kjarni búinn að starfa lengi saman og lítill starfsmannavelti. Foreldrar upplifa góðan starfsanda, gott viðmót og að starfsfólk sé metnaðarfullt.

### Styrkleikar

- Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er birt á heimasíðu leikskólans.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Fundir starfsfólks eru mánaðarlega, klukkustund í senn og lokar leikskólinn kl.15:00 þann dag.
- Múlþing greiðir 12 tíma á ári á mann fyrir símenntun starfsfólks.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega við allt starfsfólk og gagnleg að þeirra mati.
- Stjórnendur eru sýnilegir og veita endurgjöf.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Skólabragur og starfsandi er mjög góður.
- Foreldrar upplifa gott viðmót.
- Starfsfólk deilir þekkingu.
- Stöðugleiki er í hópi starfsfólks.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af starfi sínu.

### Tækifæri til umbóta

- Sveitarfélagið setji sér menntastefnu.
- Gera skipurit fyrir leikskólann og gera sýnilegt.
- Gera skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Starfsáætlun skal vinna í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Gera rýmingaráætlun leikskólans sýnilegri.
- Gera áætlun um verklag við slysum sýnilegri, kynna fyrir starfsfólki og birta á heimasíðu leikskólans.
- Gera formlega og skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og kynna fyrir starfsfólki.
- Sérkennslustjóri sem hluti af stjórnendateymi sitji deildarstjórafundi.
- Finna leiðir til að gera upplýsingaflæði til starfsfólks skilvirkara.
- Gera handbók fyrir starfsfólk sem inniheldur nauðsynlegar upplýsingar og hafa aðgengilega.
- Gera skriflega áætlun um móttöku og handleiðslu nýs starfsfólks.
- Gera símenntunaráætlun.
- Finna leiðir til að samningsbundnir undirbúningstímar starfsfólks falli ekki niður.



## Uppeldis- og menntastarf

### Námsaðstæður

Húsnæðið gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Á báðum deildum geta börnin verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða. Þar eru tvær stofur, heimastofa og inn af henni önnur minni stofa auk hreinlætisaðstöðu. Í heimastofu á yngri deild eru borð og stólar, sófi, teppamotta á gólfi, skúffuskápur og hilluskápur á hjólum. Innri stofan er notuð til gólfleikja og hvíldar. Leikföng eru ekki sýnileg í umhverfi barnanna. Í innri stofu er lokaður skápur með leikföngum sem börnin hafa ekki aðgengi að. Í heimastofu eru leikföng í hilluskáp á hjólum og á meðan matsaðilar voru á staðnum var honum snúið upp að vegg til að börnin næðu ekki í leikföngin. Einnig er þar skúffuskápur með nokkrum skúffum með leikföngum en þær eru það hátt uppi að börnin hvorki sáu hvað er í þeim né náðu í það. Bækur eru geymdar í körfu sem ýmist var aðgengileg börnunum eða geymd uppi á skáp. Í innri stofu var hilla fyrir bækur og bangsa hátt uppi á vegg. Á gangi fyrir framan deildina er veggur með þrautabrettum sem börnin geta skoðað þegar þau eiga þar leið um.

Eldri deildin hefur samskonar skipulag en þar er leikefnið aðgengilegra. Í innri stofunni er teppamotta á gólfinu og vísir að lausum innréttingum fyrir hlutverkaleik. Einnig er þar lokaður skápur með leikföngum sem eru börnunum sýnileg sé hann opinn. Heimastofan er með borðum, stólum, sófa og teppamottu sem afmarkar svæði fyrir leik. Leikföng eru sýnilegt í hilluskáp. Bækur eru sýnilegar og aðgengilegar á eldri deildinni einnig litir, skæri og pappír. Ritmál er sýnilegt í öllu umhverfinu og víða mátti sjá bók- og tölustafi. Verkefnið *Lubbi finnur málbein* er sýnilegt og eru fatahólf barnanna meðal annars merkt með málbeininu. Víða eru myndverk barnanna sýnileg á veggjum. Á vettvangi sást að mikið er til af leikefni og meðal annars er sameiginleg leikfangageymsla á ganginum. Einnig er á ganginum sameiginlegt bókasafn. Á vettvangi mátti sjá opinn efnivið og að notast er við það sem finnst í umhverfinu og náttúrunni svo sem alls konar kuðunga og skeljar.

Salur er fjölnota en þar borðar hluti af eldri börnunum og einnig fer þar fram hópastarf. Holu- og einingakubbar eru staðsettir í salnum og eru þeir notaðir meðal annars í vali. Ekki er hægt að nýta salinn til hreyfipjálfunar þar sem búið er að staðsetja þar borð, stóla, vagna, eininga- og holukubba, svamppúða og annan efnivið. Listakrókur sem er sameiginlegur er ekki nýttur sem slíkur en listsköpun fer fram í hópastarfi inni á deilum. Efniviður sem tilheyrir skapandi starfi er á hjólavögnum í sal og á ganginum fyrir framan deildir. Vísir að efnisveitu er á þessum vögnunum sem er aðgengileg börnunum. Á meðan matsaðilar voru á staðnum stóð húsnæði listakróks ónotað.

Samkvæmt dagskipulagi skiptist dagurinn á milli frjálsra leikja, hópastarfs, vals og útivistar.

### Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram er Djúpipvogur Cittaslow samfélag. Leikskólinn er jafnframt grænfána-skóli og samræmist það vel Cittaslow hugmyndafræðinni. Umhverfið í kringum leikskólann er að mestu ósnortin náttúra sem notuð er til útínáms. Einnig er unnið með hugmyndafræði *uppeldi til ábyrgðar*. Í rýnihópum stjórnenda, kennara og starfsfólks kom fram að aðal áhersla er á læsi og stærðfræði í gegnum *Lubbi finnur málbein* verkefnið, numicon stærðfræðiverkefni og einingakubba.

Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali, frjálsum leik og útivist. Í starfsáætlun 2022–2023 kemur fram að yngstu börnin á Krummadeild fara ekki í skipulagt hópastarf en þau fara í könnunarleik og listakrök í hverri viku. Eldri börnin á deildinni fara í hópastarf fjórum sinnum í viku sem skiptist í verkefnið *Lubbi finnur málbein*, stærðfræði og listakrök. Í starfsáætlun segir jafnframt að Bína bálreiða mæti stundum í Lubbastarfið og aðstoði við að kenna algengar boðskiptaleiðir. Í stærðfræði er farið til skiptis í stærðfræðilest og kubbastarf en lögð er áhersla á talningu og hugtakaskilning í þessum stundum.

Á eldri deild skiptist dagskipulag á milli hópastarfs og vals. Hópastarf er tvisvar sinnum í viku og skiptist á milli verkefna á deildinni og í sal. Áhersla á starfið í sal er stærðfræði þar sem eru eininga- og numiconkubbar auk annarra verkefna en inni á deild er áhersla á málörvun. Verkefnið *Lubbi finnur málbein* er meðal annars notað í málörvun. Val er fjórum sinnum í viku og fá þá börnin að velja sér svæði þar

sem búið er að ákveða hvaða verkefni eru í boði. Ákveðinn fjöldi barna getur verið á hverju svæði. Börnin hafa mynd af sér sem þau setja á sérstakt valspjald og geta þá fylgst með þegar svæðin eru orðin full og þurfa þá að velja annað svæði. Valspjaldið er gert eftir numicon formum sem börnin þekkja. Hægt er að fara á milli svæða og velja aftur. Einu sinni í viku er útikennsla og fer þá allur hópurinn saman í vettvangsferð þar sem lögð er áhersla á að kynnast náttúrunni og umhverfinu í nágrenni skólans. Daglega eftir hádegismat fara elstu börnin í sérstakt hópastarf sem kallast Tjaldastarf þar sem markmiðið er að undirbúa börnin undir grunnskólann. Í þessum stundum er unnið með verkefni tengd málþroska, stæðfræði og lífsleikni. Jafnframt er einu sinni í viku hugarfrelsistími þar sem farið er í hugleiðslu, öndun og slökun. Unnið er með SOL sem eru skipulagðar stundir í spjalli og leik. Tvisvar sinnum í viku fá pólskumælandi börnin í leikskólanum sögustund á pólsku. Unnið er með *Tákn með tali* og eiga allir nemendur og kennarar sitt tákn. Reynt er að nota tákn með tali í söngstund. Mikið er um sjónrænt skipulag í leikskólanum. Börnin borða inni á deildum og situr starfsfólk til borðs með þeim. Starfsfólk leggur á borð á meðan börnin eru í samveru en á eldri deildinni skammta börnin sér sjálf og ganga frá eftir sig.

Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á virðingu og að hlusta á börnin. Starfsfólk er nálægt börnunum í leik og á yngri deild sáu matsaðilar að starfsfólk sat á gólfinu hjá börnunum. Í rýnihópum stjórnenda, deildarstjóra, starfsfólks og sérkennslustjóra kom fram að samræmt verklag er varðandi börn með krefjandi hegðun en hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar* kemur þar inn. Lögð er áhersla á að gefa börnunum skýr, jákvæð skilaboð og einföld fyrirmæli. Þegar það dugar ekki er þeim boðið að fara með starfsmanni afsíðis og jafna sig.

### Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Helst má sjá lýðræðislega þátttöku barna í vali. Þar hafa börnin val um ákveðin viðfangsefni þó þau hafi ekki val um hvaða verkefni eru í boði. Börnin sögðu að kennararnir réðu en stundu fá þau að ráða. Í valstund mega þau velja aftur. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram að börnin mega skipta um valsvæði að vild. Í hópastarfi er að mestu unnið með fyrirfram ákveðin verkefni sem börnin hafa ekki áhrif á en í daglegu starfi eins og samverustundum eru börnin hvött til að segja frá og deila reynslu sinni. Í rýnihópi barna kom fram að þau eru ekki spurð hvað eigi að gera í hópastarfi eða hvert á að fara í vettvangsferðum en eftir kaffitíma mega þau ráða hvað þau gera. Í rýnihópi deildarstjóra og starfsfólks kom fram að í hópastarfinu eru fyrirfram ákveðin verkefni og að yfirleitt er farið á ákveðna staði í vettvangsferðum. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að börnin hafa fengið að kjósa um ákveðin mál. Í rýnihópi barna sögðust börnin stundum fá að kjósa. Á eldri deild hafa börn og starfsfólk gert deildarsáttmála um ákveðnar samskiptareglur. Í rýnihópi barna gátu þau nefnt nokkrar reglur sem eru í sáttmálanum.

### Námssvið

Mikil áhersla er á læsi í víðum skilningi, málrækt og ritmál er sýnilegt í leikskólanum. Leikskólinn hefur gert læsisstefnu og í rýnihópum kom fram að starfsfólk reynir í öllu starfi að nýta hvert tækifæri til að vinna með málþroska barnanna svo sem með lestri og að segja sögur, samræðum, söng, þulum. Unnið er með *Lubbi finnur málbein*, SOL og orðaforðatösku. Orðaforðataskan er kennslunámsgagn sem þróað er af sérkennslustjóranum út frá orðaforðalista sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Í hverjum mánuði er lögð áhersla á einn orðaflökk og einu sinni í viku er unnið með hann í samverustund. Stuðst er við *Tákn með tali*.

Daglega er farið út ef veður leyfir og eldri börnin fara einu sinni í viku í vettvangsferð í nágrenni skólans. Leikskólinn hefur aðgang að Íþróttamiðstöð Djúpvogs einu sinni í viku og fara öll börnin á eldri deildinni þangað í hreyfistund sem starfsfólk deildarinnar skipuleggur. Eins og áður hefur komið fram er áhersla lögð á hollt matarræði og aðstaða er fyrir öll börn að hvílast. Velliðan barna er studd með félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju.

Unnið er með sjálfbærni og vísindi í gegnum Cittaslow verkefnið og grænfánann. Umhverfismennt er unnin í tengslum við vettvangsferðir en þar tína börnin meðal annars rusl í nágrenni leikskólans.

Í garðinum eru ræktunarkassar og áform eru um að fá gróðurhús í garðinn. Sorp er flokkað og til er moltutunna sem er lítið notuð en lífrænn úrgangur er sóttur í leikskólann. Áhöld til vísindastarfa eru til. Eininga- og holukubbar eru til og í hópastarfi er unnið með tölur, form og stærðfræði meðal annars með Numicon kubbum.

Eins og áður hefur komið fram fer skapandi starf fram í hópum ýmist inni á deildum eða í sal. Efniviður til sköpunar er hafður á færanlegum vögnum og er þar vísir að efnisveitu þar sem lögð er áhersla á að vinna með endurnýtanlegan efnivið á skapandi hátt. Hljóðfæri eru til og sameiginleg söngstund er einu sinni í mánuði auk þess er sungið í daglegum samverustundum.

## Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er gott, afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi, trausti og jákvæðu viðmóti. Samskipti starfsfólks voru uppbyggileg og starfsfólk sýndi þolinmæði. Starfsfólk var nærri börnum við leik, sat við borð eða á gólfinu. Einnig sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Í rýnihópi barna kom fram að það er gaman í leikskólanum og að þeim líður vel þar. Þau sögðu að kennararnir knúsi þau ef þeim líði illa, hrósi þeim og segi að eitthvað sé fallett. Meðal þess sem börnunum finnst skemmtilegast að gera er leika með kubba, segulkubba, nýju púðakubbana og holukubba. Börnin segja: að þau eigi heilan skáp fullan af dóti „en við megum ekki taka dótið“. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telji að börnunum líði vel í leikskólanum og séu glöð að mæta. Þeir segja að kærleikur einkenni starfið og að starfsfólk mæti börnunum af virðingu og umhyggju. Í rýnihópi deildarstjóra og starfsfólks kom fram að þeir telji sig mæta börnunum af virðingu, jákvæðni, hvatningu og hrósi.

## Mat á námi og velferð barna

Skipulega er unnið með mat á námi og velferð barna. Að hausti er gert *HLJÓM-2* próf á öllum elstu börnunum. *HLJÓM-2* er greiningartæki sem kannar hljómkerfisvitund barna. Tvisvar á ári er fyllt í *TRAS* listann en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Sérkennslustjóri tekur öll börn leikskólans tvisvar á ári í *Íslenska málhljóðamælinn* en hann mælir framburð og íslensk málhljóð. *Efi-2* er próf sem lagt fyrir öll þriggja ára börn en það kannar málskilning og máltjáningu. Í ákveðnum tilfellum er *Orðaskil* notað en það er málþroskapróf fyrir börn frá 18 mánaða til þriggja ára sem foreldrar fylla út. Það er ætlað til að mæla orðaforða barnanna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningagerð. Skimunartækið *Mio* er notað en því er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna í stærðfræði. Fyrir foreldrasamtal haust og vor eru fylltir út listar um fín- og grófhreyfingar, málþroska, færni í daglegum athöfnum og félagsfærni barnanna. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn eru notaðir þegar það á við. Til eru ferilmöppur en þær eru ekki nýttar í uppeldislegar skráningar.

Börnin koma ekki að mati á líðan og framförum. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þau fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum einu sinni á ári. Þar hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með upplifun sína á stöðu barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins og telja að þeir geti komið að mati á námi og framförum barnsins óski þeir eftir því. Jafnframt kom fram að vel sé brugðist við því ef óskað er eftir samtali um nám og velferð barns.

## Styrkleikar

- Mikil áhersla er á málrækt í leikskólanum.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og mikið um sjónrænt skipulag.
- Starfsfólk á uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

- Umhverfi leikskólans er nýtt til vettvangsferða og útináms.

### Tækifæri til umbóta

- Bæta aðgengi barnanna á yngri deild að leikefni og hafa leikföng, bækur og annan efnivið í þeirra hæð.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfinu hvað varðar skipulag og viðfangsefni.
- Taka upp uppeldislegar skráningar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.
- Skoða leiðir til að börn geti metið nám sitt og sett sér markmið.
- Leita leiða til að gera tónlist og vísindi meira sýnileg í starfi leikskólans.
- Endurskipuleggja nýtingu listaskála og salar svo sameiginleg rými nýtist öllum börnum.

## Foreldrasamvinna og ytri tengsl

### Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og eru það sömu aðilar og eru í stjórn foreldrafélagsins. Kosið er í foreldraráð/félag á aðalfundi foreldrafélagsins að vori og í ár buðu þrír foreldrar sig fram til að skipa ráðið. Foreldraráð hefur ekki skráðar verklagsreglur eða starfsáætlun. Fram kom í rýnihópi foreldra og í viðtali við leikskólastjóra að fundað sé tvisvar á ári og að fundirnir fari að mestu fram rafrænt. Leikskólastjóri boðar til funda með dagskrá og það er ýmist leikskólastjóri eða foreldrar sem hafa frumkvæði að málum sem tekin eru fyrir. Foreldrar nefndu að þau hafi komið að ákvörðun um sumarleyfi en eins og áður hefur komið fram könnuðust þau ekki við að hafa fengið starfsáætlun til yfirlestrar eða gefið henni umsögn. Að sögn leikskólastjóra hafa verið gerðar fundargerðir og þær sendar til fjölskylduráðs en ekki birtar opinberlega.

Foreldrafélagið fundar eftir þörfum og oftast rafrænt. Það hefur Facebook síðu þar sem það setur inn upplýsingar og fundargerðir. Helstu verkefni foreldrafélagsins er að koma að ýmsum viðburðum fyrir börn og foreldra eins og vorhátíð, jólaföndri, jólagjöf frá jólasveininum og fjáröflun fyrir leikskólann. Fram kom að foreldraráð/-félag er að beita sér fyrir því að leikskólinn fái hænur og gróðurhús.

Þegar barn byrjar í leikskólanum tekur leikskólastjóri á móti foreldrum og sýnir þeim húsnæðið og segir frá stefnu leikskólans. Deildarstjóri sendir foreldrum tölvupóst með upplýsingum um hvað barnið þarf að hafa með sér í leikskólann. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja þá foreldrar börnum sínum fyrstu þrjá dagana. Foreldrasamtal er tvisvar á ári þar sem rætt er um líðan og þroska barnsins. Á haustin er sameiginlegur foreldrafundur fyrir alla foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt. Í janúar eru foreldrafundir fyrir hvora deild fyrir sig þar sem deildarstjóri fer yfir starfið á deildinni. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að foreldrar eru hvattir til að biðja um samtál ef þurfa þykir. Í rýnihópi foreldra kom jafnframt fram að auðvelt sé að fá samtál við deildarstjóra.

Í rýnivíðtölum við kennara og starfsfólk kom skýrt fram að deildarstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra. Hann sendir reglulega fréttabréf til foreldra með upplýsingum um deildarstarfið. Einnig sendir leikskólastjóri tölvupóst með upplýsingum þegar það á við. Daglega er skráð hvernig börnin borða og hve lengi þau sofa. Einnig eru upplýsingatöflur í fataklefa. Á heimasíðu eru fréttir þar er hægt að sækja upplýsingar um leikskólastarfið. Í rýnihópi foreldra kom fram að dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt væru mikilvæg.

### Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra er mjög gott. Þau eru jákvæð í ummælum sínum um leikskólann. Þau eiga góð samskipti við starfsfólk og telja að viðhorf starfsfólks til barna einkennist af hlýju og virðingu. Gott sé að leita til bæði stjórnenda og starfsfólks og oftast reynt að koma til móts við óskir þeirra. Jafnframt sé sjálfsagt að fá aðstoð í formi ráðgjafar og fræðslu.

### Samstarf við grunnskóla

Í starfsáætlun leikskólans kemur fram að elstu börn leikskólans og yngstu bekkir grunnskólans skiptast á heimsóknum. Í fyrstu heimsókn leikskólabarna í grunnskólann að hausti, tekur kennari fyrsta bekkjar á móti börnunum og sýnir þeim skólann og kynni þau fyrir starfsfólkinu. Að því loknu fara börnin inn í kennslustund hjá fyrsta bekk. Eftir þá heimsókn ákveða deildarstjóri elstu barnanna í leikskólanum og kennari fyrsta bekkjar grunnskólans framhaldið á samstarfinu þann vetur. Í rýnihópi deildarstjóra og í viðtali við leikskólastjóra kom fram að þeim þyki samstarfið ekki nægilegt. Deildarstjóri og sérkennslustjóri skila börnunum í grunnskóla Djúpavogs en leikskólastjóri skilar þeim börnum sem fara í aðra grunnskóla. Notað er sérstakt eyðublað þar sem fram kemur lýsing á núverandi stöðu barnsins auk niðurstaðna úr skimunum eins og EFI-2, TRAS, MIO, Hljóm 2 og Íslenska máhljóðamælinum.

## Annað samstarf

Tryggvabúð félagsaðstaða eldri borgara og leikskólinn eru í samstarfi á aðventunni en þá er leikskólabörnunum boðið í litlum hópum í vöflukaffi. Samstarf er við Brunavarnir Austurlands en leikskólinn tekur þátt í verkefni Logi og Glóð. Í tengslum við það verkefni kemur slökkviliðsstjórinn í heimsókn einu sinni á ári og gerir úttekt á brunavörnum. Fjórða bekk grunnskólans er boðið í heimsókn í leikskólann á fyrsta vetrardag en þá er haldið vetrardiskó. Íþróttafélagið Neisti býður upp á fótboltaæfingar í samstarfi við foreldra og leikskólann einu sinni í viku. Samstarfið felst í því að foreldrar skrá börnin en starfsfólk leikskólans sér um að fara með börnin á æfingar.

## Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Haldnir eru kynningarfundir á haustin fyrir alla foreldra og upplýsingafundir í upphafi árs á hverri deild fyrir sig.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Viðhorf foreldra til leikskólans eru jákvæð og þau telja að börnunum líði vel í skólanum.
- Foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og þroska barna er tvisvar á ári.
- Formlega er staðið að skólaskilum barna milli leik- og grunnskóla.

## Tækifæri til umbóta

- Gera þarf greinarmun á því hvenær foreldri er í hlutverki fulltrúa foreldraráðs eða foreldrafélags.
- Upplýsa þarf foreldra um hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags.
- Foreldraráð þarf að gera starfsáætlun og vinnureglur sem birtar eru á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins.
- Brýnt er að fram fari umræða um meira og formlegra samstarf milli leikskólans og Djúpavogsskóla.

## Skóli án aðgreiningar

### Skólaþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri starfar við leikskólann og hefur hann yfirumsjón með sérkennslumálum hans. Í samstarfi við deildarstjóra skipuleggur hann starfið fyrir börnin sem þurfa á sérkennslu að halda, upplýsir starfsfólk, sér um að unnið sé eftir einstaklingsnámskrá og veitir ráðgjöf. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á vinnunni í samstarfi við deildarstjóra. Í rýnivíðtali sagðist sérkennslustjóri leggja sig fram um að vera sýnilegur og að vinna í nánú samstarfi við starfsfólk leikskólans. Í starfsáætlun Bjarkatúns kemur fram að meginþættir sérkennslunnar eru að sinna snemmtækri íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska ásamt markvissri skipulagðri þjálfun barna með þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir. Til þess að finna þau börn sem þarfnast sérstakrar athygli og stuðnings er eins og áður hefur komið fram notast við hinar ýmsu skimanir. Ekki eru til skráðir verkferlar ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni en í rýnihópum kom fram að deildarstjóri byrjar að ræða við sérkennslustjóra. Í framhaldi af því eru foreldrar beðnir um að fylla út Aseba lista. Sérkennslustjóri vinnur úr niðurstöðum hans og byrjað er að vinna með barnið út frá þeim. Jafnframt er send tilvísun til skólaþjónustu Múlaþings. Tilvísunin er skráð í ákveðið kerfi þar og þurfa allir hlutaðeigandi aðilar, þar með talið foreldrar að samþykkja beiðnina áður en hún verður virk. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning í samvinnu við foreldra. Út frá einstaklingsnámskrá er gerð þjálfunaráætlun. Einstaklingsnámskrá er endurmetin eftir þörfum, allt að þrisvar til fjórum sinnum á ári. Í rýnivíðtali við sérkennslustjórann kom fram að einstaklingsnámskráin sé lifandi plagg sem stöðugt er verið að rýna í og skoða. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að hún sé virk í daglegu starfi og alltaf verið að passa upp á að unnið sé eftir henni.

Teymi er myndað um sérkennslubörnin og eru teymisfundir haldnir á um það bil sex vikna fresti eða eftir þörfum og fer það eftir máli hvers barns hve oft þeir þurfa að vera. Fundir eru yfirleitt haldnir á *Teams*. Teymið er myndað af talmeinafræðingi eða sálfræðingi frá skólaþjónustu Múlaþings og aðila frá félagsþjónustu Múlaþings, viðkomandi deildarstjóra, sérkennslustjóra, stuðningsaðila og foreldri. Ef barnið er með þjónustu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins kemur aðili frá þeim á teymisfundi. Sérkennslustjóri heldur utan um þessa fundi, sér um að boða foreldra og aðra aðila á fundinn og ritar fundargerð. Auk þessa fá foreldrar sérkennslubarna hefðbundið foreldrasamtal tvisvar sinnum á ári.

Gott upplýsingastreymi er til starfsfólks varðandi börn með sérþarfir eða þroskafrávik. Starfsfólk er upplýst á deildarfundum um þjálfunaráætlun barnsins og hvernig staða þess er. Í rýnivíðtali við sérkennslustjóra og starfsfólk sérkennslu kom fram að misjafnt er eftir barni hvort unnið er með það sem mest í hópi eða einstaklingslega. Alltaf er verið að meta hvað er best fyrir barnið og ákvarðanir teknar út frá því. Starfsfólk sérkennslu sagðist vera með barninu í hópastarfi en fara fram með það höndli barnið ekki aðstæður. Á vettvangi sáu matsaðilar að gætt er að jafnrétti og hlutdeild allra barna. Ein stofa er til staðar fyrir sérkennslu og er sérkennslustjóri með aðstöðu þar. Jafnframt er aðstaða í rými fyrir framan Kríudeild ef barn þarfnast einstaklingsþjálfunar. Að mati sérkennslustjóra og starfsfólks er skólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram að óskum um að sækja námskeið eða aðra fræðslu um sérkennslu er vel tekið. Fram kom að sérkennslustjóri hefur gott aðgengi að sérfræðingum hjá skóla- og fjölskylduþjónustu Múlaþings en þar starfa meðal annars talmeinafræðingur, leikskólafulltrúi og félagsráðgjafi. Múlaþing hefur samið við sálfræðistofu um að sinna leikskólanum í verktöku. Almenn ánægja kom fram hjá leikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra með þessa þjónustu.

### Börn með annað móðurmál en íslensku

Við móttöku og aðlögun nýrra barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna, er notast við tülkaþjónustu þegar það á við. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólastarfinu en að auki er unnið sérstaklega með börn af erlendu bergi. Sérkennslustjóri tekur öll börn þar sem annað foreldrið er erlent, tvisvar í viku í málörvun en börn sem eiga báða foreldra erlenda, fara þrisvar í viku í málörvun. Sérkennslustjóri sagðist nota hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskólum frá Menntamálastofnun í vinnunni með erlendu börnin og segir það í raun vera námskrá þeirra. Að öðru leyti er unnið samkvæmt læsisstefnu leikskólans.

## Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Vel er staðið að og haldið utan um sérkennslu.
- Allt starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í sambandi við sérkennslu.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar þarfir og skipað teymi í kringum þau.
- Jafnrétti og hlutdeild allra barna í barnahópnum birtist í starfinu.
- Gott aðgengi er að sérfræðingum á vegum skólaþjónustu Múlaþings.
- Boðið er upp á tülkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að íslenskunámi fyrir börn af erlendum uppruna.

## Tækifæri til umbóta

- Skrá verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik og gera aðgengilega svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt væri að hafa almennar hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.



## Innra mat

### Skipulag og viðfangsefni

Ekki er gerð nein áætlun um innra mat, hvorki til lengri né skemmri tíma. Matið er því ekki kerfisbundið. Matsteymi er ekki starfandi við skólann. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann beri ábyrgð á innra mati en það hafi verið óformlegt og lítið skráð.

### Gagnaöflun og vinnubrögð

Starfsfólk og foreldrar í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati. Eins og áður hefur komið fram er mat á þroska og framförum barna gert reglulega með ýmsum listum. Ferilmöppur eru til staðar en þær eru ekki notaðar til uppeldislegrar skráningar. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram að deildarfundir og fundir með öllu starfsfólki eru notaðir til óformlegra samræðna um starfshætti, hvernig gangi og hvað má betur fara. Kannanir meðal foreldra- og starfsfólks eru gerðar annað hvert ár hjá Skólaláttunum. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki á starfsmannafundum og nýttar í innra mat leikskólans. Deildarstjórar tala um sjálfsmatsskýrslu sem fyllt er út og lögð fyrir fjölskyldu-svið Múlapings.

### Opinber birting og umbætur

Greinargerð um innra mat er ekki til staðar og umbótaáætlun liggur ekki fyrir. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að niðurstöður foreldrakannana eru kynntar á fundum með starfsfólki.

### Styrkleikar

- Reglulega fer fram mat á framförum barna.
- Samræðumat á sér stað á deildarfundum og fundum með starfsfólki.
- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra annað hvert ár.

### Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar eiga að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvað viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.
- Innra mat þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þætti starfsins séu metnir.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef mars 2023.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Djúpivogur heimasíða: <https://www.djupivogur.is>

Leikskóladagatal 2022-2023: <https://bjarkatun.is/library/Files/leikskoladagatal-2022-2023.pdf>

Leikskólinn Bjarkatún heimasíða: <https://bjarkatun.is>

Leikskólinn Bjarkatún starfsáætlun:

<https://bjarkatun.is/library/Files/Starfs%20a%20a6tlun%20Bjarka%20bans%20sk%20b3la%20a1ri%20b0%202022-2023%20.pdf>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Læsisstefna Bjarkatúns:

<https://bjarkatun.is/library/contentfiles/l%20a6sistefna%20leiksk%20b3las%20bjarkat%20bans.pdf>

Múlþing heimasíða: <https://www.mulathing.is>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Viðtöl:

Símtal og tölvupóstsamskipti við fræðslustjóra Múlþings.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks í sérkennslu.

Viðtal við sérkennslustjóra.



